

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á útgáfufagnaði  
í sal Veraldar – húsi Vigdísar, fimmtudaginn 28. nóvember 2019 kl. 17.00**

Guðbergur Bergsson, góðir gestir,

Fyrir hönd Háskóla Íslands býð ég ykkur öll velkomin til þessarar útgáfuhátíðar. Ég þykist vita að lesendur eigi eftir að njóta bókarinnar *Skáldið er eitt skrípatól. Um ævi og skáldskap Fernando Pessoa* eftir Guðberg Bergsson og vil ég óska höfundu og JPV útgáfu innilega til hamingju með hana.

Ég vil einnig óska Guðbergi, ritstjóranum Birnu Bjarnadóttur, Hinu Íslenska bókmenntafélagi og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hjartanlega til hamingju með hina bókina sem við fögnum hér í dag og ber titilinn *Heiman og heim. Sköpunarverk Guðbergs Bergssonar*. Efni hennar er að stórum hluta byggt á erindum sem flutt voru Guðbergi til heiðurs á alþjóðlegu málþingi í Hátíðasal Háskóla Íslands 1. júní 2013, daginn sem hann var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands.

Pessoabókin er einmitt til vitnis um ástæðu þess að Háskóli Íslands sæmdi Guðberg Bergsson heiðursdoktorsnafnbótinni og að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Íslenskudeild Manitóbaháskóla í Kanada, Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík- Bókmenntaborg UNESCO, JPV útgáfa og Grindavíkurbær tóku höndum

saman og stóðu að alþjóðlega málþinginu um verk Guðbergs í Hátíðasalnum.

Guðbergur Bergsson, eins og kunnugt er, á að baki langan og frjóan rithöfundarferil og hefur fyrir löngu öðlast sess sem lykilhöfundur íslenskra og evrópskra nútímabókmennta auk þess sem hann er einn mikilhæfasti þýðandi heimsbókmennta á íslensku. Líkt og gildir um Fernando Pessoa, portúgalska ljóðskáldið, gagnrýnandann, heimspekinginn og þýðandann, mætti með góðu móti kalla Guðberg máttarstólpa í menningarumræðu síðari tíma.

Víst er að Guðbergur hefur auðgað íslenska menningu og samfélag með skáldskap sínum, gagnrýni, fagurfræði og þýðingum og við stöndum í djúpri þakkarskuld við hann fyrir ómælt framlag hans á sviði menningar og lista. Og í dag fögnum við, að gefnu tilefni, útgáfu þessara bóka í sal Veraldar – húss Vigdísar, heimkynnum tungumála og menningar.

Til hamingju með daginn.